



33. stjórnarfundur LH 27. nóvember 2020 kl. 14.00 Fjarfundur

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Ágúst Hafsteinsson, Eggert Hjartarson og Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, Ómar Ingi Ómarsson og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Oddrún Ýr.

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Fundargerð 32. fundar samþykkt
2. Samningur um áframhaldandi leigu á Skógarhólum
Lárus gerði grein fyrir samningi um Skógarhóla. Samningurinn verður undirritaður síðar í dag. Einar Sæmundsson þjóðgarðsvörður mætti kl. 19:00 og undirritaði samninginn f.h. Þjóðgarðsins.
3. Skýrsla stjórnar og ársreikningar
Skýrsla stjórnar og reikningar voru send á þingfulltrúa í gær fimmtudag. Stjórn ánægt með skýrsluna og að senda hana fyrir þingið. Stjórn hefur samþykkt og undirritað reikningana.
4. Valnefnd
Valnefnd kynnti endanlega tillögu nefndarinnar.
Stjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.
SP óskar eftir að bókað verði að hann sé ekki sáttur með skýringar á vali í tiltekna flokka.
5. Bókhaldsmál á skrifstofu
Góð reynsla á að framkvæmdarstjóri tók við bókhaldi. Gjaldkeri greiðir reikninga og BK bókar. Fyrirkomulagið gengur vel og sparar LH fjármuni.
6. Önnur mál
 - a. Lárus Ástamar vill nota tækifærið, þar sem þetta er hans síðasti fundur, og þakka stjórn og starfsmönnum ánægjulegt og árangursríkt samstarf. Stjórn þakkar Lárusi sömuleiðis góða stjórnun og gott samstarf.

Fundi slitið um kl.15:25